

2002 nr. 87 15. maí**Lög um heimild til handa [ráðherra],¹⁾
f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf
vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi
Íslenskrar erfðagreiningar ehf.**

¹⁾ L. 126/2011, 347. gr.

Tóku gildi 23. maí 2002. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ráðherra],¹⁾ f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. [Ráðherra]¹⁾ veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

¹⁾ L. 126/2011, 347. gr.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.